

um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum á þann veg, að sjóðfélögum verði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta nú.

#### Greinargerð.

Lög um lífeyrissjóð togarasjóðmanna voru sett árið 1958 og sniðin eftir lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó var hámarkslífeyrir, sem togarasjóðmenn gátu fengið eftir 30 ára starfstíma, aðeins 50% af meðallaunum síðustu 10 starfsára viðkomandi sjóðfélaga, en í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins var miðað við 60%.

Frumvarp, sem flm. þessarar þingsályktunartillögu flutti haustið 1960 ásamt þáv. háttv. 11. landskjörnum þm. (Gunnari Jóhannssyni), þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að togarasjóðmenn skyldu njóta sama réttar til hámarksgreiðslna lífeyris og starfsmenn ríkisins, fékkst ekki samþykkt. Meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar Nd. Alþingis bar því við, að of stuttur tími væri þá liðinn, síðan lögum um lífeyrissjóðinn voru sett, og fullnægjandi reynsla því ekki fengin um framkvæmd laganna.

Ef frá eru taldar lítills háttar breytingar varðandi aðildarrétt starfsmanna sjómannafélaga o. fl., hafa einungis þær breytingar verið gerðar á lögum um lífeyrissjóð togarasjóðmanna, að undirmenn á farskipum hafa fengið aðild að sjóðnum og nafni hans verið breytt til samræmis við það.

Sú reynsla er fengin af framkvæmd laganna um sjóðinn, að hann mun nú vera næststærsti lífeyrissjóður í landinu, og námu eignir hans í árslok 1966 um 146 millj. kr., en engar breytingar hafa þó verið gerðar á lögum um þennan sjóð í þá átt að auka réttindi sjóðfélaga. Hámarkslífeyrir, sem sjóðfélagar geta notið, er enn 50% af meðallaunum sjóðfélaga síðustu 10 starfsárin. Á verðbólgutímum veldur slík viðmiðun því, að lífeyrisréttindi sjóðfélaga rýrna mjög. Á sama tíma hafa hins vegar verið gerðar mjög veigamiklar breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Má þar fyrst og fremst nefna, að í stað þess að lífeyrir var áður miðaður við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, eru lífeyrisgreiðslur nú ákveðinn hundruðshluti af þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf, er sjóðfélagi gegndi síðast, en í þeirri tilhögun felst verðtrygging lífeyrisgreiðslna, þar sem þær breytast samhliða breytingum á launum.

Að ýmsu öðru leyti veitir lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins meiri réttindi en lífeyrissjóður togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum, en ekki er ástæða til þess að rekja það hér.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóð togarasjóðmanna í þá átt, að togarasjóðmenn nytu eigi minni lífeyrisréttar en starfsmenn ríkisins, fengust ekki samþykktar á Alþingi fyrir 6 árum, vegna þess að þá taldi meiri hluti þeirrar nefndar, sem um málið fjallaði, að ekki væri fengin nægileg reynsla af framkvæmd laganna. Sú reynsla ætti nú að liggja fyrir og virðist birtast í því, að eignir sjóðsins, sem nú tekur einnig til undirmanna á farskipum, aukast óðfluga með ári hverju, og sjóðurinn er nú orðinn næststærsti lífeyrissjóður í landinu. Á sama tíma hefur enn aukizt mismunurinn á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í þessum sjóði og þeim réttindum, sem starfsmenn ríkisins njóta. Virðist því tímabært, að lögum séu endurskoðuð og sjóðfélögum tryggð a. m. k. jafnmikil réttindi og starfsmönnum ríkisins, einkum að því er varðar verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Sá háttur, sem er á launagreiðslum til togarasjóðmanna, að þær miðast við aflahlut að mestu leyti, veldur því, að verðtryggingu lífeyrisgreiðslna til þeirra þarf að haga á nokkuð annan veg en til þeirra, sem fá öll laun sín sem fast-ákveðið mánaðarkaup. Á sama hátt þarf að taka tillit til þess, að hve miklu leyti laun undirmanna á farskipum eru fengin fyrir yfirvinnu. Naumast ættu að vera vandkvæði á því að finna lausn á þessum atriðum, ef vilji er fyrir hendi til þess að togarasjóðmenn og undirmenn á farskipum njóti eigi minni lífeyrisréttinda en starfsmenn ríkisins.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.